# FUNDARGERÐ
# BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**633. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 1. febrúar 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
2. Viðræður við íþrótta- og tómstundafulltrúa v/ íþróttavalla.
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 18. janúar sl.
4. Uppsögn leiguíbúðar í Nestúni 4.
5. Aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda á Íslandi.
6. Umsögn umhverfisstjóra v/ erindis Björns Þorgrímssonar.
7. Bréf Landssambands hestamanna.

**Afgreiðslur:**

1. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til fundar við byggðarráð. Rætt um ýmis verkefni áhaldahúss, t.d. eftirlit með hitaveitukerfum, sorphirðumál, byggingu vaðlaugar o.fl.
2. Íþrótta-og tómstundafulltrúi er mættur til fundar við byggðarráð um framkvæmdir við íþróttavelli í Kirkjuhvammi
3. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV. frá 18. janúar s.l.
4. Lögð fram uppsögn á leiguíbúð í Nestúni 4 frá Ingibjörgu Ólafsdóttur.
5. Lagt fram aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda á Íslandi sem haldinn verður á Hótel Sögu þann 11. febrúar 2010.
6. Lögð fram umsögn umhverfisstjóra vegna erindis Björns Þorgrímssonar um álagningu sorphirðugjalda. Umhverfisstjóri mælir ekki með að fella niður sorpgjald hjá einstökum aðilum. Byggðarráð samþykkir að umrætt gjald verði ekki fellt niður. Farið verði í skoðun á sorpþjónustunni í heild þar sem verktakasamningur rennur út um næstu áramót.
7. Lagt fram til kynningar bréf Landssambands hestamanna dags. 21.01.2010. Samþykkt að senda fjallskilastjórnum bréfið til kynningar.

   Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Lögð fram umsókn Hvammstangahallarinnar um tengingu hitaveitu. Byggðarráð samþykkir að veita Hvammstangahöllinni heimild til að taka inn heitt vatn á grundvelli nýsamþykktrar gjaldskrár hitaveitu Húnaþings vestra. Gjaldskráin hefur verið send Iðnaðarráðuneytinu til staðfestingar.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:20.

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),
Elín R. Líndal(sign.), Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi.
Oddur Sigurðarson(sign.).